


# Áráttan

## ÁRSFJÓRÐUNGSLEGT YFIRLIT VATNAMÆLINGA

APRÍL - JÚNÍ 1998



### Skýringar


Á kortið eru merktar mælistöðvar og vatna-sviðin ofan þeirra. Tölurnar á vatnasviðunum merkja meðalrennsli ársfjórðungsins í m<sup>3</sup>/s, litur þeirra sýnir það rennsli sem prósentu af meðalrennsli sama ársfjórðungs hjá viðkomandi mæli árin 1976-1990. (Hjá Kleifarvatni merkir talan meðalvatnshæð ársfjórðungsins í m y.s. og liturinn frávik í cm frá meðalvatnshæð hans 1976-1990).


<span style="display:inline-block; width:15px; height:15px; background-color:purple;"></span>	> 160 %	(> 150 cm)
<span style="display:inline-block; width:15px; height:15px; background-color:blue;"></span>	140 - 160 %	(100 - 150 cm)
<span style="display:inline-block; width:15px; height:15px; background-color:teal;"></span>	120 - 140 %	(50 - 100 cm)
<span style="display:inline-block; width:15px; height:15px; background-color:lightgreen;"></span>	100 - 120 %	(0 - 50 cm)
<span style="display:inline-block; width:15px; height:15px; background-color:yellow;"></span>	80 - 100 %	(-50 - 0 cm)
<span style="display:inline-block; width:15px; height:15px; background-color:orange;"></span>	60 - 80 %	(-100 - -50 cm)
<span style="display:inline-block; width:15px; height:15px; background-color:red;"></span>	< 60 %	(< -100 cm)

**Vatnafar:** Lítum fyrst á prósentufrávikin rennslisins. - Allur ársfjórðungurinn: Rennslið var um meðallag í Hvítá og Jökulsá, verulega undir í Grímsá og Ölfusá, undir í hinum; enda ársfjórðungurinn í heild firna þurrviðrasumur. - Apríl: Rennsli víðast slakt. Hiti vart í meðallagi nyrðra og eystra, í Reykjavík dáindisgóður hiti seinni partinn, en bara lítinn snjó að leysa. - Maí: Rennsli yfir meðallagi nema dálítið undir í Ölfusá. Óvenjuhlýtt fyrir norðan og austan. Úr-koma í Reykjavík yfir meðallagi, einsdæmi á veðurstöðvunum þrem þennan ársfjórðunginn. Annað samsvarandi: All-an ársfjórðunginn var nú í eina skiftið ein á einn mánuð virkilega yfir meðalrennsli þess mánaðar. Það var hún Vestari-Jökulsá og eltu rennslitoppa hennar hitatoppa á Akureyri. - Júní: Rennsli alls staðar undir, víðast veru-lega eða langt. Vel hlýtt í Reykjavík, nánast skítakuldi á hinum veðurstöðvunum tveim, úrkomulítið sem áður.


Upp úr miðjum júní minni snjór á Miðhálandinu en vitað til um áratugi, einhver ögn utan í háfjöllum og jöklum, annars helst einhver snjó að finna á Tröllaskaga og hálandinu austan Vatnajökuls. Öll Áráttuvatnsföllin, utan Djúpár, undir langtíma meðalferlunum í ársfjórðungslokinn, og Þórisvatnið mer að vera ofan síns.

Horfur því hálfðapurlegar fyrir raforkuframleiðslu í vatnsorkuverum, svo og fyrir neysluvatnsvinnslu og laxveiðar, einkum ef undangengin blíða og sólskin suðvestanlands, jafnframt ríkjandi kulda fyrir norðan og austan og ekki síður á fjöllum uppi, ætla að halda áfram í allt sumar.






### Hvítá, Borgarfirði; Kljáfoss 1998




	Meðalr.	Hám.	dag.-kl.	Lágm.	dag.-kl.
Apr	87,6	118	24-19	72,7	08-11
Maí	105	218	13-20	75,4	08-15
Jún	74,4	94,7	26-05	68,2	14-20

Jafnaður meðalferill er fyrir árabilið 1976-1990



### Vestari-Jökulsá, Skagafirði; Goðdalabré 1998





	Meðalr.	Hám.	dag.-kl.	Lágm.	dag.-kl.
Apr	13,6	46,7	24-16	9,16	12-08
Maí	46,4	178	23-13	15,8	01-10
Jún	19,2	29,9	25-07	15,4	11-22

Jafnaður meðalferill er fyrir árabilið 1976-1990

**Almennar skýringar:** Á þessari síðu og þeim sem á eftir koma eru birt gögn frá tveim mælistöðvum. Frá hverri stöð eru sýnd: 1) Súlurit yfir rennsli dag fyrir dag á ársfjórðungnum, 2) súlurit yfir meðalrennsli hvers mánaðar það sem af er árinu og 3) tafla yfir meðalrennsli hvers mánaðar og sömuleiðis hæsta og lægsta augnabliksrennsli mánaðarins og hvenær það átti sér stað. Þá er á súluritin dreginn langtíma meðalferill fyrir tiltekið árabli. Þar hefur reyndar fyrir hvern dag ársins verið tekið tillit til meðalrennslisins 15 næstu daga á undan og eftir, til að fá skýran, jafnan feril, þar sem t.d. eitt einstakt skammtíma stórfloð spillir ekki heildarsviðnum. Litur annar en fagurblár á dagsildamyndinni og merki framan við rennslistölu í töflunni merkir athugasemd af einhverju tagi við rennslið viðkomandi dag og er það skýrt hér til vinstri. Rennsli mælikvarðinn á súluritonum er jafnan hafður sá sami hjá sömu mælistöð en komi fyrir að rennslið fari upp fyrir hann er það sýnt í tölum ofan þess. Þess er rétt að geta að rennslið er yfirleitt fundið óbeint út frá vatnshæð vatnsfallsins við mælistöðina, sem oftast er skráð samfelld, en milli vatnshæðar og rennsli á að vera fast samband (sem að vísu er misvel þekkt hjá hinum einstöku stöðvum) svo lengi sem farvegur við og næst fyrir neðan mælistöðina breytist ekki. Algengasta ástæða þess að áætla þarf rennsli er að nefnt samband hefur farið úr skorðum vegna íss í farvegi. Aðrar ástæður eru t.d. tækjabilun í mælistöð. Athugasemdin „Rennsli mæling þann daginn“ merkir að rennslið hafi þá verið mælt beint. Skýrsla síðasta ársfjórðungs hvers árs hefur örlita sérstöðu, meðalrennsli og útgildum fyrir árið í heild er þá bætt við neðst í mánaðargildatöfluna. Loks er ofan á súluritin fyrir Þjórsá bætt ferli í rauðum lit yfir forða í Þórisvatni kl. 24 dag hvern og einnig langtímaferli, sams konar og frá var sagt fyrir rennsli, en hér fyrir árabilið 1986-1995.







	Meðalr.	Hám. dag.-kl.	Lágm. dag.-kl.
Apr	6,66		
Maí	42,8		
Jún	26,4		

Jafnaður meðalferill er fyrir árabilið 1976-1990

## Grímsá, Skriðdal; Grímsárvirkjun 1998




	Meðalr.	Hám. dag.-kl.	Lágm. dag.-kl.
Apr	7,78	80,9	24-07
Maí	23,0	144	13-22
Jún	27,6	79,2	26-13

Jafnaður meðalferill er fyrir árabilið 1976-1990


## Djúpá, Fljótshverfi; Rauðaberg 1998

**Fróðleiksmolar um ársrennsli og afrennsli:** Ekki þarf endilega að fara saman drjúgt vatnsár hvað meðalrennsli ársins varðar og gott vatnsbúskaparár frá rekstrarsjónarmiði virkjana, né heldur hitt, rýrt vatnsár og lélegt vatnsbúskaparár. Það er nú einu sinni þannig að albestu miðlanakerfi fá aldrei fangað og varðveitt alla langtíma vatnavexti og rennslistoppa. En þar eð vatnsbúskaparhorfur eru nú í lakara lagi er kannski ekki úr vegi að sýna lesendum á línuriti ársmeðalrennsli Áráttumæla svo langt aftur sem það nær. Þetta eru vatnsföll nokkuð misjöfn að vexti þannig að lítið færi fyrir þeim vatnsminni ef öllum ætti að tröða á eitt línuriti með einingunum  $m^3/s$ . En þessu má bjarga með því að nota *afrennsli* í staðinn. Þar er vatnasviðið, sá flötur sem vatnsfallið fær vatn sitt af, tekið inn í myndina (nú, vatnasvið ættu menn að kannast við af forsíðunni). Afrennslið er meðalrennslið í l/s (sekúndulítrum) af hverjum ferkílómetra vatnasviðsins. Einnig tíðkast að gefa upp afrennsli í mm á dag eða á aðra tímaeiningu og er þá átt við jafngildi hugsaðrar jafnfallinnar úrkomu á

sviðið á sama tíma. Í afrennsliseiningum verður rennslið af svipaðri stærðargráðu hjá stórum og smáum. Auðvitað eru vatnasvið misjöfn að eðli (t.d. fellur meiri úrkomu á sum en önnur) svo tvöfalt stærra vatnasvið þýðir alls ekki endilega tvöfalt meira heildarrennsli. En oft er það þegar stærð vatnasviðs er þekkt og auk þess bæði stærð og rennsli af nálægu vatnasviði, svipuðu hinu að jarðfræði og veðurfari en ef til vill verulega frábrugðið að stærð, að svona einfaldur hlutfallareikningur gefur mjög góða nálgun um rennsli fyrnefnda sviðsins, jafnvel frá degi til dags ef mælingar eru samfelldar hjá hinu síðarnefnda. - Áráttumælaafrennslið er sýnt á baksíðunni, tölurnar merkja stærð vatnasviðs í  $km^2$ . Lítið er ekkert táknrænir fyrir eðli ána, þeir voru valdir með tilliti til þess að ferlakraðakið yrði sem minnst. Vilji menn frá grófa hugmynd um rennslið í  $m^3/s$  eitthvert árið, er galdurinn sá að lesa afrennslið af línuritinu sem nákvæmast, margfalda það með stærð vatnasviðsins og deila svo með 1000 í allt saman.



## Þjórsá; Sandafell 1998



## Ölfusá; Selfoss 1998

